



Sjálfsmat 2011-2012

Heiðarskóli
Reykjanesbæ

Efnisyfirlit

1	INNANGANGUR.....	3
2	UM SKÓLANN.....	4
2.1	SKÓLANÁMSKRÁ	4
2.2	SKÓLASTEFNA HEIÐARSKÓLA	5
3	SJÁLFSMAT	6
3.1	MATSADFERÐIR.....	6
3.2	SKILGREINING Á INNRA OG YTRA MATI	7
4	MATSÁÆTLUN HEIÐARSKÓLA 2011-2012.....	7
5	NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS 2011-2012	8
5.1	NEMENDAKANNANIR.....	9
5.1.1	<i>Hreyfiproskapróf</i>	<i>9</i>
5.1.2	<i>Samræmd próf.....</i>	<i>9</i>
5.1.3	<i>Úrvinnsla niðurstaðna samræmdra prófa í 4. og 7. bekk skólaárið 2011-2012</i>	<i>16</i>
5.1.4	<i>Lestur og lesskilningur</i>	<i>16</i>
5.1.5	<i>Viðhorf nemenda.....</i>	<i>21</i>
5.1.6	<i>Skólapúlsinn</i>	<i>21</i>
5.1.7	<i>Nemendafundir</i>	<i>23</i>
5.1.8	<i>Bekkjarfundir/nemendaviðtöl</i>	<i>24</i>
5.2	STARFSMANNAKANNANIR.....	24
5.2.1	<i>Starfsmannasamtöl/umræður</i>	<i>24</i>
5.2.2	<i>Uppbygging</i>	<i>24</i>
5.2.3	<i>Mat á þróunarverkefninu Læsisbrú</i>	<i>25</i>
5.2.4	<i>Mat á þróunarverkefninu Skapandi nám – áhugasamir nemendur</i>	<i>25</i>
5.3	FORELDRAKANNANIR	27
5.3.1	<i>Viðhorfakönnun foreldra nemenda í 1. bekk.....</i>	<i>27</i>
5.3.2	<i>Viðhorf til Frístundaskólans.....</i>	<i>27</i>
5.4	FRAMKVÆMDARMAT Á NOKKUR VERKEFNI Á SKÓLAÁRINU 2011-2012	28

1 Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir sjálfsmati í Heiðarskóla skólaárið 2011-2012.

Tilgangur með sjálfsmati er að leggja grunn að skilvirkri umbótastarfi í skólanum og gera góðan skóla enn betri.

Matið er altækt þar sem öll helstu svið skólans eru metin og árangursmiðað þar sem upplýsingarnar verða nýttar sem grundvöllur við ákvarðanatöku um frekari þróun skólastarfsins. Ekki eru allir þættir skólastarfsins metnir á hverju ári heldur er gerð áætlun til þriggja ára og með henni er tryggt að allir þættir séu metnir a.m.k. á þriggja ára tímabili. Matið er unnið af starfsmönnum skólans á grunni upplýsinga sem safnað hefur verið saman. Það beinist að stofnuninni sjálfri en jafnframt að einstaklingunum innan hennar s.s. starfsfólki og nemendum. Í kjölfar matsins er gerð umbótaáætlun og er henni fylgt vel eftir. Sjálfsmat skólans og umbótaáætlun er í höndum stjórnenda skólans en með þeim starfar sjálfsmatsteymi skipað kennurum.

Í fylgiskjöllum skýrslunnar eru kannanir og matsskýrslur sem voru gerðar skólaárið 2011-2012.

2 Um skólann

Þann 21. júlí 1997 var fyrsta skóflustunga tekin að Heiðarskóla. Heiðarskóli er byggður sem tveggja hliðstæða heildstæður grunnskóli, sem er tvær bekkjardeildir frá 1. – 10. bekk. Hann er jafnframt fyrsti skólinn á Íslandi, sem byggður er í einum áfanga, með íþróttahúsi og sundlaug. Skólinn tók til starfa haustið 1999.

Í stuttu máli er skólinn þannig byggður að eftir honum endilöngum er breiður og bjartur gangur, stundum kallaður „menntavegurinn“. Sunnan megin við ganginn eru verk- og tónmenntastofur, auk raungreinastofa. Norðan megin við ganginn eru þrjú kennslustofuhús á tveimur hæðum, alls 6 almennar kennslustofur í hverju húsi. Kennslustofuhúsin eru auðkennd með litum, gult (yngsta stig), rautt (miðstig) og blátt (unglingastig). Hægt er að opna á milli tveggja stofa á hverri hæð. Í miðrými skólans er samkomusalur/matsalur á neðri hæð, en stjórnun, bókasafn og upplýsingamennt á efri hæðinni. Út frá miðrýminu í norðurátt er aðstaða til íþróttaiðkunar, sundlaug og íþróttasalur. Við skólann hafa einnig verið settar þrjár lausar kennslustofur (svo kallaðir kálfar), sem eru notaðar undir almenna kennslu og tónmennt.

Skólaárið 2011-2012 eru u.þ.b. 430 nemendur í skólanum í 22 bekkjardeildum. Við skólann starfa u.þ.b. 60 starfsmenn. Stjórnskipulag skólans byggir á skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og tveimur deildarstjórum.

Almennir kennara- og starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir.

Nemendaverndarráð er skipað aðstoðarskólastjóra, deildarstjórum, námsráðgjafa, sálfræðingi, sérkennslufulltrúa og hjúkrunarfræðingi. Ráðið fundar a.m.k. tvisvar í mánuði og hefur það hlutverk að starfa að velferðarmálum nemenda.

Við skólann starfar skólaráð og fundar það reglulega. Skólaráð fær starfsáætlun og skóladagatal til umfjöllunar og umsagnar á hverju ári.

2.1 Skólanámskrá

Árið 2011 kom út ný og endurbætt Aðalnámskrá grunnskóla. Í henni er gert ráð fyrir að stefna skólans sé birt með tvennum hætti. Annars vegar er skólanámskrá og hins vegar árleg starfsáætlun skólans.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Þar birtist m.a. stefna skólans og þau gildi sem starf hans byggir á. Einnig eru þar ýmsar áætlanir s.s. aðgerðir gegn einelti, áfallaáætlun og rýmingaráætlun. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, áherslu- og umbótaáætlun, símenntun starfsmanna, starfsáætlun nemenda, skólareglum, félagslífi nemenda og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar eru einnig birtar upplýsingar um starfsfólk skólans og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar.

Haustið 2011 var gefin út starfsáætlun skólans samkvæmt nýrri Aðalnámskrá en gert er ráð fyrir að ný og endurskoðuð skólanámskrá komi út 2012-2013.

2.2 Skólastefna Heiðarskóla

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á metnaðarfullt skólastarf og að traust og virðing ríki milli manna. Góð samvinna starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans eru mikilvægir þættir í skólastarfinu. Í skólanum er starfað eftir skólanámskrá og gerð er starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Starfsmenn skólans ígrunda störf sín og leita sífellt leiða til frekari umbóta og stefna að því sameiginlega markmiði að bæta árangur nemenda. Markmiðið er að Heiðarskóli sé í röð fremstu skóla á landinu.

Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.

Leiðarljós Heiðarskóla er - háttvísi – hugvit – heilbrigði

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á:

- jákvæðan aga og þróðmennsku
- sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu
- íþróttir, hreyfingu og hollar lífsvenjur
- verkgreinar, listir og skapandi starf

Við viljum að nemendur okkar séu:

- ábyrgir
- gagnrýnir
- fróðleiksfúsir
- fordómalausir
- víðsýnir

Markvisst er unnið að þessum áhersluatriðum og hafa leiðir verið settar fram til að ná þeim. Í starfsáætlun og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig kennarar vinna með nemendum til að styrkja þessa þætti í skólastarfinu.

3 Sjálfsmat

Í lögum um grunnskóla 91/2008 36 gr. eru ákvæði um innra mat skóla. Innra matið tekur til alls skólastarfsins. Með því fer fram viðtæk gagnaöflun sem veitir upplýsingar um árangur skólastarfsins og er jafnframt leið til að vinna markvisst að umbótum. Samkvæmt lögum ákveður skólinn sjálfur aðferðir við matið.

Sjálfsmat dregur fram sterkar og veikar hliðar skólans og skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur. Matið er ein af forsendum þess að hægt sé að setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta á veikleikum skólans. Eftir sjálfsmat eru lagðar fram tillögur til úrbóta og gerð áætlun um framkvæmd. Síðar er metið hvort að umbætur hafi skilað árangri. Sjálfsmatið þarf að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Í Heiðarskóla snýr sjálfsmatið að helstu þáttum skólastarfsins, s.s. markmiðum skólans, líðan, skipulagi, starfinu í skólanum, kennslu, námsmati, aðbúnaði, stjórnun, o.fl.

Sjálfsmatsteymið ber ábyrgð á framkvæmd sjálfsmats og kemur með tillögur til umbóta þar sem við á.

Tilgangur og markmið með mati á skólastarfi

- Leita leiða til að bæta námsárangur nemenda.
- Efla þekkingu allra starfsmanna á stofnuninni sem heild.
- Auka samstarf og samheldni allra sem koma að skólastarfinu, nemenda, foreldra og starfsmanna.
- Bæta starfsaðstæður og stuðla að betri líðan þeirra sem í skólanum starfa, hvort sem um nemendur eða aðra er að ræða.
- Skapa frjóa umræðu og skoðanaskipti.
- Stuðla að þróun og vexti skólans.
- Tryggja upplýsingamiðlun um starfsemi skólans bæði inn á við og út á við.

3.1 Matsaðferðir

Tvenns konar viðmið eru lögð til grundvallar innra mati skólans. Annars vegar lög og reglugerðir sem grunnskólum er ætlað að starfa eftir og hins vegar skólanámskrá og starfsáætlun en þar kemur fram stefna skólans og markmið.

Við matið er lögð áhersla á að aðferðirnar séu greinandi og fjölbreyttar og falli vel að þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni. Þessi gögn eru m.a. kannanir, spurningalistar, umræðufundir, próf, vettvangsathuganir og gátlistar svo eitthvað sé nefnt. Samhliða formlegu mati eru iðulega gerðar stöðuggreiningar á ýmsum atburðum í skólastarfinu, s.s. árshátíðum, þemadögum, samskiptadögum o.fl. og eru niðurstöðurnar metnar og umbótaáætlanir gerðar.

Gerð er matsáætlun til þriggja ára þar sem fram koma þeir þættir í skólastarfinu sem meta á hvert skólaár. Haustið 2012 verður gerð áætlun til næstu þriggja ára. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um, hvað á að meta og hver viðmiðin eiga að vera. Þegar niðurstöður liggja fyrir eru greindir styrk- og veikleikar. Þar sem þörf er á er sett fram áherslu- og umbótaáætlun.

Eftir tiltekinn tíma er farið yfir hvort að úrbætur hafi skilað tilætluðum eða ásættanlegum árangri.

Matsáætlun og umbótaáætlun fyrir skólaárið er birt í starfsáætlun skólans

3.2 Skilgreining á innra og ytra mati

Í þessari skýrslu er skilgreiningin á innra og ytra mati eftirfarandi:

Innra mat er framkvæmt af þeim sem vinna í skólanum og er unnið á þeim forsendum. Starfsmenn skólans taka ákvörðun um, hvað á að meta, hver viðmiðin eiga að vera og leggja fram umbótaáætlanir þar sem þörf er á.

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum s.s. Fræðsluskrifstofu, Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Námsmatsstofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga o.fl. Niðurstöður af mati sem þessir aðilar framkvæma og snúa að innra starfi skólans geta mjög vel stutt við innra mat og stuðla að markvissari nýtingu mats til umbóta fyrir skólann. Því er fjallað um slíkt mat þar sem við á.

4 Matsáætlun Heiðarskóla 2011-2012

Hvað er skoðað	Hvenær	Undirbúningur og framkvæmd	Úrvinnsla	Hvað er gert við niðurstöður
Skólanámskrá endurskoðuð, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá	Haust	Stjórnendur og allir starfsmenn	Skólastjórnendur	Birt skólaráði, fræðsluráði og á heimasíðu skólans, útprentað eintak hjá ritaraborði
Hreyfiþroskapróf lagt fyrir í 1. bekk	Ágúst/sept	Íþróttakennarar	Íþróttakennarar	Niðurstöður kynntar umsjónarkennurum og brugðist við niðurstöðum
Skólapúlsinn	Skólaárið	Skólastjórnendur	Skólastjórnendur/sjálfsmatsteymi	Niðurstöður kynntar starfsfólki, skólaráði og foreldrum
Raddlestur – próf lagt fyrir 8. og 9. bekk	Ágúst	Sérkennari	Sérkennari	Farið yfir niðurstöður með umsjónarkennurum og íslenskukennurum. Brugðist við niðurstöðum, áætlanir gerðar til úrbóta
Lestur – GRP 14 lestrarskimun lögð fyrir 9. bekk	Ágúst	Sérkennari	Sérkennari	Farið yfir niðurstöður með umsjónarkennurum og íslenskukennurum. Umsjónarkennari ræðir niðurstöður við foreldra. Brugðist við niðurstöðum, áætlanir gerðar til úrbóta
Viðhorf foreldra til Frístundaskólans	Jan/feb	Sjálfsmatsteymi	Sjálfsmatsteymi	Stjórnendur skólans og starfsfólk Frístundaskólans bregst við niðurstöðunum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði

Lestrarskimun Leið til læsis lögð fyrir 1. bekk	Haust	Umsjónarkennari í 1. bekk/sérkennari	Umsjónarkennarar í 1.bekki/sérkennari	Brugðist við niðurstöðum, áætlanir gerðar til úrbóta. Umsjónarkennarar ræða niðurstöður við foreldra
Viðhorf starfsfólks til Uppbyggingar- stefnunnar	Apríl	Teymishópur/ sjálfsmatsteymi	Teymishópur/ sjálfsmatsteymi	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði
Mat á þróunarverkefninu Læsisbrú	Vor	Verkefnisstjóri og þátttakendur	Verkefnisstjóri/ skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði. Lokaskýrsla send til Sprotasjóðs
Mat á þróunarverkefni í 4. – 7. bekk	Vor	Verkefnisstjóri og þátttakendur	Verkefnisstjórar/ skólastjórnendur	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi og í skólaráði. Skýrsla send til Sprotasjóðs
Framkvæmd bekkjarfunda samkvæmt Olweus	Haust	Skólastjórnendur	Deildarstjóri eldra stigs	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi
Læsi 2 lagt fyrir í 2. bekk	Vor	Kennsluráðgjafi FRÆ, umsjónarkennarar og deildarstjóri	Kennsluráðgjafi FRÆ, umsjónarkennarar og deildarstjóri yngra stigs	Kennarar bregðast við niðurstöðum, fundað með sérkennara. Niðurstöður kynntar foreldrum
Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk	Des/jan	Námsmatsstofnun, deildarstjórar og kennarar	Námsmatsstofnun, deildarstjórar og kennarar	Kennarar bregðast við niðurstöðum. Farið vel yfir hvern prófþátt fyrir sig og áætlanir gerðar til umbóta þar sem þörf er á. Kynning á niðurstöðum greininga fyrir kennara
Viðhorf foreldra til lestrarkennslu nemenda við upphaf skólagöngu	Vor	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Niðurstöðurnar kynntar umsjónarkennurum, skólastjórnendum og skólaráði

5 Niðurstöður sjálfsmats 2011-2012

Hér er greint frá niðurstöðum sjálfsmats skólaárið 2011-2012

Umfjölluninni er skipt í eftirfarandi kafla:

- Nemendakannanir
- Starfsmannakannanir
- Foreldrakannanir

Fjallað er um hvern kafla fyrir sig og þar sem við á er gerður samanburður við fyrri kannanir.

Í sumum könnunum eru niðurstöður flokkaðar í styrkleika og veikleika.

Styrkleiki byggir á því að 85% eða fleiri sem taka afstöðu lýsi sig jákvæða en **veikleikar** eru ef ekki nást fyrrgreind viðmið þ.e. að 85% eða fleiri væru jákvæðir.

5.1 Nemendakannanir

5.1.1 Hreyfiproskapróf

Markmið hreyfigreiningar eru að uppgötva skerta hreyfifærni og kanna ástand hreyfiproska allra nemenda okkar við upphaf skólagöngu.

Hreyfiproskapróf MOT 4-6 eftir Zimmer og Volkamer frá árinu 1984 var nýtt til að mæla hreyfiproska nemenda í 1. bekk. Verkefnin 18 kanna líkamsliðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Prófið tekur u.þ.b. 20 mín.

Niðurstöður eru fengnar með því að finna út svokallaða hreyfitölu barnsins. Hreyfitala yfir 115 telst góð. Meðaltal nemenda í 1. bekk var 121. Þeir nemendur sem mælast með hreyfitölu undir 100 fá sérstaka þjálfun í hreyfifærni hjá íþróttakennurum eða þroskaþjálfra.

5.1.2 Samræmd próf



Einn af mörgum þáttum sem skoðaðir eru þegar meta á gæði skólastarfsins eru niðurstöður á samræmdum könnunarprófum í 4., 7. og 10. bekk. Niðurstöður samræmdra prófa byggjast á því að meta stöðu hvers nemenda með samanburði við jafnaldra hans á landinu öllu og eru prófin því ein leið af mörgum til að afla og miðla upplýsingum um stöðu nemenda og skólans. Markmið skólans er að nemendur nái eins góðum árangri á samræmdum könnunarprófum og þeir hafa forsendur til.

Í samræmdum prófum álitum við það vera viðunandi árangur að vera við landsmeðaltal. Haustið 2011 voru samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.

4. bekkur haustið 2011

Þegar nemendur Heiðarskóla í 4. bekk eru bornir saman við jafnaldra sína á landinu er niðurstaðan þessi.

2011			
Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Reikningur og aðgerðir	6,8	7,9	1,1
Rúmfræði og mælingar	6,2	7	0,8
Tölur og talnaskilningur	6,4	6,7	0,3
Heildareinkunn	6,5	7,4	0,9
Íslenska			
Stafsetning	5,7	7	1,3
Lestur	6,2	6	-0,2
Málnotkun	7,1	7	-0,1
Ritun	5	5,6	0,6
Heildareinkunn	6,3	6,5	0,2





Frammistaða nemenda í 4. bekk er mjög góð, sérstaklega í stærðfræði.

7. bekkur haustið 2011

Þegar nemendur Heiðarskóla í 7. bekk eru bornir saman við landsmeðaltal kemur eftirfarandi í ljós.

2011			
Stærðfræði	Landið	Heiðarskóli	Mismunur
Reikningur og aðgerðir	7,2	7,6	0,4
Rúmfræði og mælingar	5,7	6,3	0,6
Tölfræði	6	5,8	-0,2
Heildareinkunn	6,7	7	0,3
Íslenska			
Stafsetning	6,7	6,7	0,0
Lestur	6,4	6,4	0,0
Málnotkun	6,4	6,1	-0,3
Ritun	6,2	7	0,8
Heildareinkunn	6,4	6,4	0,0





Frammistaða nemenda í 7. bekk er góð, sérstaklega í stærðfræði. Skólaárið 2010-2011 var niðurstaðan ekki jafn góð og var þá ákveðið að á skólaárinu 2011-2012 yrði unnið að þróunarverkefni á miðstigi sem miði að því að efla áhuga nemenda á námi og að námsárangur verði betri. Verkefnið gekk mjög vel en gert var ráð fyrir að kennarar skoðuðu starfsaðferðir sínar og kennsluhætti og ígrunduðu hvort að þeir væru sem best til þess fallnir að vekja áhuga nemenda á námi. Sótt var um styrk í Sprotasjóð Menntamálaráðuneytisins og styrkti hann verkefnið. Umsjón með verkefninu höfðu Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarsdóttir kennarar á unglingastigi og ráðgjöf veitti Ingvar Sigurgeirsson prófessor við HÍ. Mat á verkefninu kemur fram síðar í skýrslunni.

Framfarir nemenda í 7. bekk

Á hverju ári fylgja niðurstöðum samræmdra prófa útreikningar á því hvort að nemendur séu að sýna framfarir frá samræmdu prófi í 4. bekk, eða ekki. Einnig er hægt að skoða framfarir nemenda frá 7. bekk í 10. bekk. Í skólanum er lögð áhersla á að sem flestir nemendur séu að bæta sig í meðallagi eða meira og stefnt er að því að 80% nemenda séu í þremur efstu flokkunum.

Framfarir frá 4. bekk í 7. bekk í íslensku								
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Umtalsverðar	2,7%	7,4%	9,1%	6,4%	2,0%	0,0%	0,0%	2,4%
Meiri en almennt gerist	10,8%	14,8%	22,7%	17,0%	6,0%	4,8%	10,2%	4,8%
Í meðallagi	64,9%	57,4%	59,1%	59,6%	84,0%	76,2%	64,4%	66,7%
Minni en almennt gerist	10,8%	14,8%	2,3%	12,8%	8,0%	7,1%	6,8%	23,8%
Litlar	5,4%	0,0%	2,3%	2,1%	0,0%	2,4%	10,2%	2,4%
Ekki upplýsingar um	5,4%	5,6%	4,5%	2,1%	0,0%	9,5%	8,5%	0,0%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í íslensku eru u.þ.b.:

Árið 2004	78%	Árið 2008	92%
Árið 2005	80%	Árið 2009	80%
Árið 2006	90%	Árið 2010	75%
Árið 2007	83%	Árið 2011	74%

Framfarir frá 4. bekk í 7. bekk í stærðfræði								
	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Umtalsverðar	0,0%	7,4%	22,7%	6,3%	4,2%	7,1%	3,4%	0,0%
Meiri en almennt gerist	2,7%	7,4%	22,7%	14,6%	4,2%	11,9%	3,4%	0,0%
Í meðallagi	45,9%	64,8%	52,3%	60,4%	68,8%	59,5%	64,4%	71,4%
Minni en almennt gerist	35,1%	11,1%	0,0%	14,6%	18,8%	16,7%	8,5%	19,0%
Litlar	10,8%	5,6%	0,0%	4,2%	4,2%	0,0%	15,3%	7,1%
Ekki upplýsingar um	5,4%	3,7%	2,3%	0,0%	0,0%	4,8%	5,1%	2,4%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 7. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meiri í stærðfræði eru u.þ.b.:

Árið 2004	49%	Árið 2008	77%
Árið 2005	80%	Árið 2009	79%
Árið 2006	98%	Árið 2010	71%
Árið 2007	81%	Árið 2011	71%

Þess ber að geta að nemendur sem nú tóku prófið í 7. bekk stóðu sig mjög vel í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk. Það gæti skýrt það að nemendur höfðu lítið svigrúm til að sýna miklar framfarir núna.


10. bekkur haustið 2011

Í ár voru lögð fyrir samræmd könnunarpróf í 10. bekk í íslensku, stærðfræði og ensku. Þegar nemendur í 10. bekk Heiðarskóla eru bornir saman við landsmeðaltal er niðurstaðan:


Haust 2011						
	Samræmd einkunn skólans	Lands-meðaltal	Munur	Normaldreifð einkunn skólans	Lands-meðaltal	Munur
Enska	7,6	7,3	0,3	32,0	30,0	2,0
Íslenska	6,5	6,5	0,0	30,0	30,0	0,0
Stærðfræði	6,3	5,9	0,4	32,0	30,0	2,0

Nemendur í 10. bekk stóðu sig mjög vel á samræmdum könnunarprófum í ár, sérstaklega í ensku og stærðfræði. Nemendur voru í meðaltali eða yfir landsmeðaltali í öllum greinum.


Enska 10. bekkur



Íslenska 10. bekkur



Stærðfræði 10. bekkur



Þeir nemendur sem tóku núna samræmd próf í 10. bekk sýndu einnig góðan árangur á 7. bekkjar prófunum árið 2008 og voru yfir landsmeðaltali þá bæði í íslensku og stærðfræði.

Ef skoðaðar eru framfarir nemenda í 10. bekk kemur í ljós að þeir nemendur sem sýna framfarir í meðallagi eða meira í íslensku eru:

Árið 2009 67,4%

Árið 2010 85%

Árið 2011 85%

Framfarir frá 7. bekk í 10. bekk í íslensku			
	2009	2010	2011
Umtalsverðar	0,0%	7%	9%
Meiri en almennt gerist	4,1%	13%	7%
Í meðallagi	63,3%	65%	69%
Minni en almennt gerist	14,3%	2%	7%
Litlar	2,0%	4%	7%
Ekki upplýsingar um	16,3%	9%	2%
	100,0%	100%	100%

Framfarir nemenda í 10. bekk í stærðfræði eru:

Árið 2009 55,5%

Árið 2010 72%

Árið 2011 83%

Framfarir frá 7. bekk í 10. bekk í stærðfræði			
	2009	2010	2011
Umtalsverðar	4,4%	11%	7%
Meiri en almennt gerist	2,2%	11%	14%
Í meðallagi	48,9%	50%	62%
Minni en almennt gerist	13,3%	9%	10%
Litlar	11,1%	2%	5%
Ekki upplýsingar um	20,0%	17%	2%
	100,0%	100%	100%

5.1.3 Úrvinnsla niðurstöðna samræmdra prófa í 4. og 7. bekk skólaárið 2011-2012

Þegar niðurstöður úr samræmdum prófum í 4., 7. og 10. bekk bárust skólanum var skoðað hvar hægt er að gera betur og hver staða skólans er miðað við landsmeðaltal. Hver þáttur innan greinar var skoðaður sérstaklega og athugað hvort einstakir þættir væru að koma áberandi verr út en heildareinkunn. Einnig var skoðað hvaða þættir eru að koma best út. Í 4. og 7. bekk kallaði deildarstjóri til kennara viðkomandi árgangs og fór yfir niðurstöðurnar.

Þegar skólinn fékk frumrit prófanna í hendur fóru kennararnir yfir úrlausnirnar áður en nemendur fengu prófin með sér heim. Kennarar skiptu prófunum upp í námsþætti og árangur hvers nemanda var skoðaður gaumgæfilega. Skoðað var hvort margir nemendur fengu rangt fyrir sömu spurningu innan sama þáttar eða hvort mikil dreifing var á röngum svörum. Þetta gaf okkur til kynna hvort ákveðnir efnisþættir hefðu fengið minni yfirferð en nauðsynlegt var. Ef dreifing var lítil og margir nemendur voru að fá sömu villurnar fóru kennarar í sérstaka vinnu með nemendum í þá þætti sem þeir höfðu ekki náð tökum á. Þetta var gert með einstaklingsmiðaðri kennslu. Kennarar í 4. og 7. bekk héldu kynningu á niðurstöðunum á deildarfundum á yngra og miðstigi. Góðar umræður voru um niðurstöðurnar og hvað ætti að leggja aukna áherslu á svo að útkoman væri enn betri á komandi ári. Kennarar í 10. bekk eru faggreinakennarar og kennslan er því aðeins á þeirra höndum á stiginu og umræðan fór fram innan þess hóps sem kennir viðkomandi grein.

5.1.4 Lestur og lesskilningur

Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að því að efla lestur og lesskilning nemenda í Heiðarskóla. Læsi er ekki námsgrein heldur grundvallarfærni sem gengur þvert á allar námsgreinar og er undirstaða annars náms. Haustið 2011 var unnin umbótaáætlun í lestri sem hafði það markmið að efla áhuga nemenda á bókalestri og að auka lestrarfærni þeirra. Vorið 2012 var aðgerðaráætlun í lestri frá 2008 endurskoðuð og bætt af öllum íslenskukennurum skólans og var enn frekar lögð áhersla á mikilvægi þess að nemendur næðu góðri færni í lestri snemma á skólagöngunni. Í nýrri aðgerðaráætlun má m.a. sjá markmið, viðmið, mat og áætlun til úrbóta. Kennarar eru m.a. hvattir til að mæla oft árangur nemenda með lestrarprófum og setja niðurstöðurnar upp á hvetjandi hátt m.a. með súluritum.

Á tíu ára skólagöngu nemenda eru gerðar ýmsar kannanir þar sem hægt er að skoða sérstaklega lestur og lesskilning. Skimun lestrarerfiðleika á sér stað allt frá 1. bekk og upp úr. Forkönnun eða mat á veikleikum og styrkleikum í lestrarferlinum á sér stað frá skólabyrjun. Ef sértækir erfiðleikar virðast koma fram þá eru valin út ákveðin próf og matslistar til að kanna vandann og vinna út frá.

Við nýtum okkur ytra mat í lestri og lesskilningi eins og samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk eins og fram hefur komið og í ár lögðu starfsmenn Fræðsluskrifstofu fyrir læsi í 2. bekk og Logos skimunarpróf í 3. og 6. bekk. Þegar niðurstöður úr þessum skimunum og könnunum eru skoðaðar má sjá hvernig nemendur Heiðarskóla eru að standa sig miðað við jafnaldra.

2. bekkur

Læsi 2. var lagt fyrir nemendur í 2. bekk í apríl.

Nemendur okkar voru að standa sig mjög vel eins og sést hér í töflu (sjá einnig fylgiskjal 1).

Heiðarskóla 2012						
Árangur	Alls	Alls %	Stúlkur	Stúlkur %	Drengir	Drengir %
Undir 65%	4	8,89%	0	0,00%	4	13,79%
65%-95%	33	73,33%	15	93,75%	18	62,07%
Yfir 95%	8	17,78%	1	6,25%	7	24,14%
Samtals	45	100%	16	100,0%	29	100,0%
Meðaltal	37af46 atr	81,01%	38af46 atr	82,47%	37af46 atr	80,21%

Meðalárgangur nemenda 2004 - 2012

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Heiðarskóli	75,8%	71,2%	73,8%	74,60%	71,8%	68,17%	73,91%	68,14%	81,01%
Suðurnes	66,6%	69,7%	66,5%	61,0%	63,2%	63,98%	65,97%	69,35%	73,23%
Reykjanesbær	65,1%	69,7%	68,6%	61,4%	64,30%	66,43%	68,88%	73,58%	75,26%
Reykjavík	70,60%	67,8%	69,7%	70,70%	71,70%	72,30%	71,70%	73,40%	

Logos skimunarpróf

Starfsmenn Fræðsluskrifstofu lögðu fyrir Logos skimunarpróf í 3. og 6. bekk en þeir skilgreina útkomu á eftirfarandi hátt:

- Þeir sem eru undir 15 í hundraðsröð eru með mikil vandamál
- Þeir sem eru á milli 15 og 30 eru með minni vanda og oft hægt með átaki að lyfta þeim upp yfir 30
- Allir yfir 30 eru í góðri stöðu

Nemendur í 3. bekk

Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	
	26	1	6	33
	78,79%	3,03%	18,18%	100,00%
lesskilningur	21	7	5	33
	63,64%	21,21%	15,15%	100,00%

Nemendur í 6. bekk

Leshraði	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	
	34	7	7	48
	70,83%	14,58%	14,58%	100,00%
Lesskilningur	27	9	12	48
	56,25%	18,75%	25,00%	100,00%

Á niðurstöðunum sjáum við að lesskilningur okkar nemenda er ekki nógu góður, áfram verður lögð áhersla á að bæta hann (aðgerðaráætlun í lestri 2012).

Raddlestur í 8. og 9. bekk

Lestrarviðmið í 8. – 10. bekk í raddlestri er 300 – 350 atkv. á mín



Í nóvember voru allir nemendur í 8. og 9. bekk prófaðir í raddlestri Nokkur undanfarin ár hefur sérkennari skólans lagt sama prófið fyrir, þannig að við höfum góðan samanburð á milli ára.

- Nóv. 2008 29% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Nóv. 2009 38% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Ágúst 2010 33% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira
- Ágúst 2011 23% nemenda í 8. og 9. bekk lásu 300 atkv/mín eða meira

Niðurstöður úr þessum prófum voru kynntar á starfsmannafundi (fylgiskjal 2).



Sérkennari, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri, umsjónarkennarar og íslenskukennarar fóru saman yfir niðurstöðurnar og gerðu áætlanir til úrbóta.

Nemendur í 8. bekk



Raddlestrarpróf í 9. bekk

Sérkennari prófaði nemendur í raddlestri í lok ágúst. Nemendur í 9. bekk náðu góðum framförum í raddlestri á milli 8. og 9. bekkjar.



Greinandi ritmálspróf fyrir 14 ára nemendur - GRP 14h

Með GRP 14h er skimað eftir erfiðleikum við ritmálið hjá nemendum í 9. bekk og byggjast viðmið prófsins á normaldreifðum hópi. Prófaðir eru grunnþættir: skammtímaminni, hljóðkerfisvitund, hljóðaðferð þ.e. hvernig nemendum gengur að beita hljóðlestraraðferð og ritháttarferli þ.e. að þekkja orð sjónrænt og reiprennandi. Þá eru færniþættir prófaðir þ.e. leshraði og stafsetning. Hópprófið gefur vísbendingar um erfiðleika og nemendum sem sýna niðurstöður undir viðmiðunarmörkum í tveimur til þremur grunnþáttum er boðið upp á LOGOS lestrargreiningu.

Sérkennari lagði GRP 14 próf fyrir nemendur í 9. bekk í upphafi skólaárs 2011-2012.

Farið var yfir niðurstöðurnar með íslensku og umsjónarkennurum.

Nemendur okkar eru ekki að koma eins vel út og árið áður og enn sjáum við vísbendingu um að bæta þarf lestrarfærni nemenda.

Eftir að niðurstöður voru fengnar í GRP 14h var nokkrum nemendum, í samráði við foreldra, boðið að taka þátt í LOGOS lestrargreiningu. Þegar niðurstöður lágu fyrir var gripið til viðeigandi úrræða.

Skólaárið 2011 - 2012		
	eðlilegt	undir viðmiðunarmörkum
Grunnþættir	68%	32%
-skammtímaminni	80%	20%
-hljóðkerfi	70%	30%
-hljóðaaðferð	67%	33%
-ritháttarferli	56%	44%
Færniþættir		
-lestrarhraði	70%	
-stafsetning	58%	42%

Umbætur í lestri

Haustið 2011 hélt Almar Halldórsson starfsmaður Námsmatsstofnunnar fræðsluerindin fyrir kennara en hann hafði unnið að samantekt um lesskilning fyrir Heiðarskóla.

Á fundinum voru kynntar niðurstöður PISA um lesskilning nemenda í Heiðarskóla frá 2000 til 2009. Þær voru bornar saman við niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk í íslensku. Í samantekt Almars kom m.a. fram hvers konar lesskilningsverkefni nemendur í skólanum eiga erfiðast með að leysa samkvæmt PISA miðað við aðra nemendur á Reykjanesi og á landinu í heild.

Í september var haldinn fundur um viðbrögð við ófullnægjandi árangri í lestri og gerð áætlun til umbóta. Unnið var eftir þeirri áætlun í vetur. Við kennsluáætlanagerð sl. haust voru kennarar hvattir til að huga mjög vel að því að efla lesskilning nemenda.

Í febrúar kölluðu stjórnendur eftir greinargerð frá öllum bóknámskennurum þar sem fram kæmi hvernig þeir höfðu unnið að því að efla lesskilning hjá nemendum þar sem af væri skólaárinu. Í þessum greinargerðum má glögglega sjá að kennarar hafa unnið markvisst að því að efla þennan mikilvæga þátt í námi nemenda. Eins og fram hefur komið var á skólaárinu unnin ný aðgerðaráætlun í lestri og má þar m.a. sjá að gert er ráð fyrir auknum kröfum á miðstigi.

1. – 4. bekkur

Vorið 2010 fékk skólinn styrk frá sprotasjóði Menntamálaráðuneytisins til að vinna að verkefninu Læsisbrú. Markmið verkefnisins var að mynda samfellu í námi barna frá leikskóla til grunnskóla. Sérstök áhersla verður lögð á að skima lestrarfærni nemenda strax í upphafi skólagöngu og áhersla lögð á að samfella sé í námi barnanna.

Kennarar á yngsta stigi í Heiðarskóla hafa unnið að verkefninu síðustu tvö skólaár. Umsjónarkennarar hafa heimsótt skólahópa í Garðaseli og Heiðarseli en það eru okkar heimaleikskólar. Einnig hafa kennarar kynnt sér lestrarkennslu í öðrum grunnskólum og einnig í leikskólum.

Deildarstjóri á yngsta stigi stýrði verkefninu. Kennararnir voru mjög jákvæðir eins og fram kemur í skýrslu verkefnisins. Sjá mat á þróunarverkefninu bls. 25 og lokaskýrslu. (Fylgiskjal 3).

Á skólaárinu var lögð könnun fyrir foreldra nemenda í 1. bekk þar sem kannað var viðhorf þeirra til lestrarnáms í upphafi skólagöngu. Könnunin kom mjög vel út og allir foreldrar telja börnin sín vera með lestrarefni við hæfi. (Fylgiskjal 4).

5. – 7. bekkur

Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að því að bæta lestrarfærni nemenda á miðstigi og lögð sérstök áhersla á lesskilning.

Nemendur voru lestrarprófaðir í ágúst/september. Sérkennari skólans ásamt skólastjórnendum sátu fund með íslenskukennurum þar sem farið var yfir niðurstöður lestrarprófanna, hugað að úrræðum fyrir nemendur og hvað hægt er að gera til að efla lestur og lesskilning. Á skólaárinu var unnið að þróunarverkefninu Skapandi nám – áhugasamir nemendur sem hafði það markmið að bæta námsárangur.

Þess er vænst að niðurstöður námsmats á næstu árum sýni að verkefnið hafi borið góðan árangur.

Sjá umfjöllun um verkefnið á bls. 26 og lokaskýrslu (fylgiskjal 5).

8. – 10. bekkur

Allir nemendur hafa í vetur lesið í ca. 10-15 mín í upphafi þriðju kennslustundar. Þeir nemendur sem ekki náðu viðmiðum skólans á raddlestrarprófi í haust lásu upphátt á hverjum degi hjá starfsmanni skólans og heima. Eftir 6-8 vikur var staðan tekin aftur hjá þeim nemendum sem ekki höfðu náð viðmiðunum. Margir nemendur tóku miklum framförum með þessum aðferðum.

Íslenskukennarar fóru í heimsókn í Garðaskóla í Garðabæ en sá skóli hefur náð mjög góðum árangri í lestri, sérstaklega meðal drengja.

Á næsta skólaári verða gerðar auknar kröfur í lestri og lesskilningi og verða þær kynntar nemendum og foreldrum.

5.1.5 Viðhorf nemenda

Megináhersla er lögð á vellíðan nemenda og að þeir öðlist góða og haldbæra menntun. Í skólastarfinu er lögð áhersla á að skapa þær aðstæður að öllum líði vel bæði í starfi og leik.

Í skólastefnu skólans segir m.a.

„Í Heiðarskóla eru nemendur settir í öndvegi og kappkostað að þeim líði vel og hæfileikar og færni hvers og eins fái notið sín. Leitast er við að nemendur tileinki sér ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu og vinni saman með sem minnstri námsaðgreiningu.“

Áherslur og markmið

Í Heiðarskóla er lögð áhersla á:

- jákvæðan aga og þrúðmennsku
- sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu
- íþróttir, hreyfingu og hollar lífsvenjur
- verkgreinar, listir og skapandi starf

Við viljum að nemendur okkar séu:

- ábyrgir
- gagnrýnir
- fróðleiksfúsir
- fordómalausir
- vísýnir

Markvisst hefur verið unnið að þessum áhersluatriðum og leiðir settar fram til að ná þeim. Í starfsáætlun skólans og bekkjarnámskrám kemur fram hvernig unnið er með nemendum til að styrkja þessa þætti. Leitast er við að meta hvort að sú vinna hefur borið árangur m.a. með samræðum, einstaklingsviðtölum og niðurstöðum kannana s.s. úr Skólapúlsinum.

5.1.6 Skólapúlsinn

Á þessu skólaári var í fyrsta sinn lögð fyrir könnun Skólapúlsins. Skólapúlsinn er vefkerfi sem veitir skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti er tengjast virkni nemenda, líðan þeirra og um skóla og bekkjaranda. Könnunin nær til nemenda í 6. – 10. bekk og eru niðurstöðurnar bornar saman við fyrri mælingar í skólanum, ef þær eru til staðar og við landsmeðaltal sem gefur góðar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda miðað við jafnaldra þeirra í öðrum skólum á landinu. Á starfsmannafundi í haustið 2012 verður farið yfir helstu niðurstöður Skólapúlsins frá síðasta skólaári en farið verður ítarlega yfir alla liði könnunarinnar með kennurum í 6. – 10. bekk. Þá verður einnig farið yfir hvaða spurningar eða staðhæfingar liggja til grundvallar hverjum lið könnunarinnar. Hér er farið yfir helstu atriði könnunarinnar en að öðru leyti vísað í fylgiskjal 6.

Ánægja af lestri

Í Skólapúlsinum er kvarði sem mælir ánægju nemenda á bókalestri. Nemendur í 6. 7. og 10. bekk eru yfir meðaltali jafnaldra sinna þegar ánægja af lestri er skoðuð en ánægja nemenda í 9. bekk á bókalestri er mun minni en jafnaldra þeirra. Í könnuninni kemur fram

að áhugi drengja í skólanum er mun minni en stúlkna. Kennsluáætlanir næsta skólaárs taka mið af þessum niðurstöðum.

Stjórn á eigin árangri

Nemendur í 6., 7. og 10. bekk mælast yfir jafnöldrum sínum en nemendur í 8. og 9. bekk mælast aðeins undir sínum jafnöldum.

Þrautseigja í námi

Þegar niðurstöður spurninga sem gefa til kynna þrautseigju í námi kemur fram að nemendur í öllum bekkjum nema 9. bekk eru yfir landsmeðaltali. Kennarar ræddu niðurstöðurnar í 9. bekk og munu huga sérstaklega að þessum mikilvæga þætti í samskiptum og vinnu með nemendum.

Áhugi á stærðfræði

Í heild mælist skólinn vel yfir landsmeðaltali. Nemendur í 6. og 7. bekk hafa mun meiri áhuga á stærðfræði en jafnaldrar þeirra, nemendur í 10. bekk hafa jafn mikinn áhuga en nemendur í 8. og 9. bekk hafa aðeins minni áhuga en jafnaldrarnir.

Persónulegt gildi náttúruvísinda

Þegar spurt er um persónulegt gildi náttúruvísinda kemur í ljós að nemendur í 6. og 10. bekk eru mjög jákvæðir en nemendur í 9. bekk telja náttúruvísindi ekki hafa eins mikið persónulegt gildi og jafnaldrarnir.

Íþróttir/líkamsrækt

Þegar nemendur okkar eru spurðir um íþróttir og líkamsrækt er meðalgildi skólans 5,46 en landsins 5,41.

Trú á eigin vinnubrögðum í námi

Trú á eigin vinnubrögðum í námi er álíka mikil hjá nemendum okkar og hjá jafnöldrum þeirra á landinu. Drengir bæði hjá okkur og á landinu hafa minni trú en stúlkurnar á eigin vinnubrögðum.

Trú á eigin námsgetu

Nemendur okkar hafa álíka mikla trú á eigin námsgetu og jafnaldrar þeirra.

Sjálfsálit

Fram kemur að nemendur okkar hafa minna sjálfsálit en nemendur samanburðarskólanna. Meðaltal skólans er 4.80 en landsmeðaltal 5.15.

Stjórn á eigin lífi

Nemendur mælast í heildina undir landsmeðaltali, meðaltal skólans er 5.01 en landsmeðaltal er 5.20.

Vanlíðan

Í Skólapúlsinum eru nemendur spurðir um líðan og í þeim flokki eru staðhæfingarnar:

- Hafði enga matarlist
- Átti erfitt með að einbeita mér að því sem ég vildi
- Verið þunglynd/ur
- Þurft að hafa mikið fyrir hlutunum
- Verið dapur/döpur
- Gat ekki lært (heima eða í skólanum)

Í niðurstöðunum kemur fram að vanlíðan nemenda er minni hjá nemendum skólans en hjá viðmiðunarhópnum. Vanlíðan nemenda í skólanum mælist 4.62 en 4.84 er landsmeðaltal.

Kvíði

Nemendur skólans mælast yfir landsmeðaltal þegar spurt er um kvíða. Skólameðaltal er 4.98 en landsmeðaltal 4.75.

Þar sem trú á eigin getu, sjálfsálit og kvíði kemur verr út hjá okkur en hjá samanburðaskólunum verður á næsta ári unnið sérstaklega með þá þætti. Kennarar gera áætlanir til úrbóta. Á miðju skólaári verður stöðufundur og þar verður skoðað hvort að staðan hafi batnað. Góðar fyrirmyndir heimsækja nemendur og fræða þá um þessa þætti.

Einelti

Þegar spurt er um einelti mælist það álíka og hjá öðrum nemendum 4.87, en landið 4.81. Því hærri sem kvarðinn er því sterkari er þátturinn. Ekki mælist mikill munur á milli árganga

Samsömun við nemendahópinn

Í könnuninni er kvarði sem mælir samsömun nemenda við nemendahópinn og er honum ætlað að draga saman viðhorf nemnda til skólans og meta að hve miklu leyti nemendum þykja þeir tilheyra nemendahópnum og að skólinn sé staður þar sem þeim líður vel. Nemendur okkar mælast í meðaltali 5.02 en landið er 5.12.

Samband nemenda við kennara

Þegar spurt er um samband nemenda við kennara mælumst við vel yfir meðaltali eða í 5.70, en landsmeðaltal er 5.44. Samband nemenda og kennara mælist best í 6. og 7. bekk.

Agi í tímum

Þegar spurt er um aga í tímum mælist hann undir landsmeðaltali 4.89 en landsmeðaltal er 5.22. Huga verður sérstaklega að þessum þætti á næsta skólaári.

Stuðningur kennara við nemendur

Nemendur telja sig fá góðan stuðning frá kennurum sínum og mælast vel yfir meðaltali. Skólameðaltal 5.78, landsmeðaltal er 5.41. Sérstaklega telja nemendur í 6. og 7. sig fá góðan stuðning.

Virk þátttaka nemenda í tímum

Nemendur skólans mælast álíka og í öðrum skólum. Meðaltal skólans er 5.59 en landsmeðaltal er 5.52. Meðaltal í 6. og 7. bekkur mun hærri en hjá jafnöldrum þeirra.

Mikilvægi heimavinnu í náminu

Nemendur skólans telja mikilvægi heimavinnu mun minni en jafnöldrum þeirra á landinu. Meðaltal skólans er lægra en í hinum þátttökuskólunum, 4.99 en landsmeðaltal er 5.32.

5.1.7 Nemendafundir

Á skólaárinu héldu skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sína árlegu fundi með nemendum í 9. og 10. bekk. Fundað var með hverjum bekk fyrir sig.

Að þessu sinni var aðallega rætt um ábyrgð nemenda og þeir hvattir til að sýna ábyrgð á gjörðum sínum og námi. Fundirnir tókust mjög vel að mati stjórnenda, voru áhugaverðir og skemmtilegir. Umræður voru mjög góðar og nemendur tjáðu sig mikið. Nemendur sýndu mikla jákvæðni í garð skólans og voru ánægðir. Nemendur sögðu aðspurðir að þeim hefðu þótt þessir fundir góðir og skemmtilegir.

5.1.8 Bekkjarfundir/nemendaviðtöl

Umsjónarkennarar halda bekkjarfundi en þar gefst tækifæri til þess að ræða saman og kennarar greina viðhorf nemenda til skólastarfsins.

Námsviðtöl voru tvisvar á skólaárinu, í lok september og eftir birtingu vitnisburðar í janúar. Þá mæta nemendur með foreldrum sínum til umsjónarkennara og rætt er um líðan, samskipti og ástundun í námi.

Umsjónarkennarar í 8. – 10. bekk höfðu einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína tvisvar á skólaárinu.

5.2 Starfsmannakannanir

Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi skólans á síðustu árum. Í skólanum starfa vel menntaðir og metnaðarfullir kennarar með góða þekkingu og reynslu. Lögð er áhersla á að allir sem starfa í skólanum komi að menntun nemenda og að aðrir starfsmenn en kennarar gegna veigamiklu hlutverki í að leiðbeina nemndum á þroskaferli þeirra.

5.2.1 Starfsmannasamtöl/umræður

Í starfsmannasamtölum skólastjóra og aðstoðarskólastjóra við starfsmenn kom fram að þeim líður vel. Þeir eru ánægðir með skólann og upplifa hann sem góðan vinnustað. Markvisst verður unnið að því að viðhalda þeim góða anda sem ríkt hefur í skólanum og stuðla að því að öllum starfsmönnum líði vel í vinnunni.

Árið 2006 var sett inn í stefnu skólans það markmið að **Heiðarskóli sé í röð fremstu skóla á landinu**. Þetta markmið hefur verið ofarlega í huga starfsmanna og það gjarnan rætt. Í starfsmannasamtölum kom fram að starfsfólki finnst að metnaður ríki í skólastarfinu og mikill vilji er til að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar.

Á starfsmannafundi um miðjan maí var starfsfólkinu skipt upp í hópa og var m.a. rætt um hvernig skólastarfið hefur gengið í vetur:

- Hvað er eftirminnilegt?
- Hvað hefur tekist vel – og hvers vegna?
- Hvað hefði mátt betur fara í skólastarfinu í vetur? Hvernig getum við bætt úr því?
- Á hvað eigum við að leggja áherslu á næsta skólaári?

Niðurstöðurnar voru ræddar og tekið verður mið af þeim við umbótaáætlun næsta skólárs.

5.2.2 Uppbygging

Starfsfólk skólans leggur áherslu á hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“ sem er oftast kölluð „Uppbyggingarstefnan.“ Þar er lögð áhersla á að kenna börnum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Uppbyggingarstefnan hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti fremur en reglur. Á hverju ári gerir hver bekkur sinn sáttmála og fer í gegnum mitt og þitt hlutverk og fleiri aðferðir Uppbyggingarstefnunnar. Í skólanum starfar teymi sem fylgist með framvindu stefnunnar.

Á miðju skólaári lagði uppbyggingarteymið fyrir könnun meðal kennara þar sem spurt var um ýmislegt varðandi Uppbyggingarstefnuna m.a. hvort að kennarar hefðu gert bekkjarsáttmála með sínum nemendum og unnið með þarfirnar (fylgiskjal 7). Könnunin leiddi í ljós að meiri eftirfylgni þarf með vinnu við uppbyggingarstefnuna ef hún á að festast vel í sessi og verða sýnilegri í öllu okkar skólastarfi. Í starfsmannasamtölum kom vel fram

að kennarar höfðu mikinn áhuga á því að leshópar verði teknir upp aftur og verða þeir settir inn í umbótaáætlun næsta haust.

Í upphafi næsta skólaárs fara allir starfsmenn á námskeið í Uppbyggingarstefnunni hjá Cindy Brown.

5.2.3 Mat á þróunarverkefninu Læsisbrú

Á vordögum lauk tveggja ára þróunarverkefni sem nefnt var Læsisbrú. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði.

Markmið verkefnisins var:

- Að efla enn frekar samvinnu á milli leikskóla bæjarins og Heiðarskóla
- Að stuðla að samfelli í námi og kennslu nemenda á fyrstu tveimur skólastigunum
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu á störfum kennara á fyrstu tveimur skólastigunum
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga
- Að stuðla að betri líðan nemenda í upphafi grunnskólagöngu
- Að bæta námsárangur nemenda, sérstaklega í lestri

Verkefnið tókst afar vel og voru allir kennarar mjög ánægðir með þá vinnu sem unnin var eins og fram kemur í skýrslu verkefnisins en þar segir:

„Ávinningur af verkefninu er mikill og efldust tengslin við leikskólanna verulega. Jákvæð þróun hefur verið í kjölfar verkefnisins þar sem virðing, jákvætt viðhorf og vilji til að undirbúa nemendur að takast á við þá breytingu sem á sér stað þegar þeir flytjast á milli skólastiga, er mikill. Verkefnið Læsisbrú hefur styrkt þetta samstarf ennfrekar og gert kennurum kleift að styrkja fagmennsku sína í starfi.“

„Öll sú vinna sem unnin hefur verið á þeim tveimur árum sem verkefnið stóð yfir skilar sér í betra skólasamfélagi og bættem leiðum til samstarfs.

Almenn ánægja allra kennara sem komu að verkefninu er svo sönnun þess að Læsisbrú hefur greitt götu faglegar umræðu um velferð og menntun nemenda.“

Á vorönn var lögð fyrir könnun meðal foreldra nemenda í 1. bekk þar sem skoðað var viðhorf þeirra til skólabyrjunar barna þeirra. Kom fram mikil ánægja foreldra eins og sjá má á bls. 27 og í fylgiskjali 4.

Sjá má lokaskýrslu verkefnisins á heimasíðu skólans undir þróunarverkefni.

5.2.4 Mat á þróunarverkefninu Skapandi nám – áhugasamir nemendur

Á skólaárinu var unnið að þróunarverkefni í 4. – 7. bekk sem bar heitið Skapandi nám-áhugasamir nemendur. Gert var ráð fyrir að bóknámskennarar í þessum árgöngum skoðuðu starfsaðferðir sínar og kennsluhætti og ígrunduðu hvort að þeir væru sem best til þess fallnir að vekja áhuga nemenda á námi. Sótt var um styrk í Sprotasjóð Menntamálaráðuneytisins og styrkti hann verkefnið. Umsjón með verkefninu höfðu kennararnir Haraldur Axel Einarsson og Þóra Guðrún Einarisdóttir kennarar á unglingastigi og ráðgjöf veitti Ingvar Sigurgeirsson prófessor við HÍ. Verkefnisstjórar héldu marga umræðufundi með kennurum sem reyndust góður vettvangur fyrir faglegar umræður og einnig var farið í heimsóknir í aðra skóla.

Í lok verkefnisins var tekin saman skýrsla og í henni kemur fram mat þátttakenda á verkefninu og mat skólastjórnenda. Þar segir m.a.:

„Kennarar eru sammála um að verkefnið hafi skilað mjög góðum árangri fyrir skólastarf á miðstigi.

Í starfsmannasamtölum sem skólastjórar höfðu við kennarana á vorönn og á matsfundi sem haldinn var í lok verkefnisins kom vel fram að allir kennararnir voru afar ánægðir með verkefnið. Þeir sögðu að það hefði eflt fagmennsku þeirra sjálfra

og að áhugi nemenda á náminu hefði aukist.

Kennararnir telja að fundirnir sem haldnir voru hafi verið mjög gagnlegir og reynst góður vettvangur fyrir faglegar umræður. Kennarar deildu reynslu sinni og viðhorfum, ræddu opinskátt um það sem vel hafði tekist og eins það sem betur hefði getað gengið.

Það er mat kennara að skapandi vinna hafi jákvæð áhrif á skólastarfið og að áhugi nemenda væri mun meiri í slíkri vinnu. Í könnun Skólapúlsins (sem náði til nemenda í 6.–10. bekk) í vetur kemur fram að nemendur í 6. og 7. bekk skólans telja að þeir séu mun virkari í tímum en jafnaldrar þeirra í þátttökuskólum Skólapúlsins. Einnig kemur fram að nemendum í 6. og 7. bekk finnst samband sitt við kennarann sinn mun betra en í samanburðarskólunum og líðan þeirra er einnig mun betri.

Í skriflegri viðhorfakönnun sem gerð var meðal nemenda í lok verkefnis kom fram mikil ánægja með skapandi viðfangsefni. Nemendur voru mjög jákvæðir, þeim fannst þeir læra mikið, fannst gaman af skapandi viðfangsefnum og flestir sögðust vilja hafa meira af slíkri vinnu.

Í samtölum kennara við nemendur kom fram mikil ánægja og kölluðu nemendur eftir viðfangsefnum sem fólu í sér skapandi vinnubrögð. Margir nemendur sem höfðu ekki sýnt náminu nógu mikinn áhuga blómstruðu í fjölbreyttum vinnubrögðum.

Í samtölum við kennara og stjórnendur létu fjölmargir foreldrar í ljós mikla ánægju með aukna skapandi vinnu og meiri fjölbreytni í kennsluháttum. Verkefnið var tilnefnt til hvatningarverðlauna Fræðsluráðs Reykjanesbæjar í vor en í umsögninni segir „Fjölbreyttir kennsluhættir á miðstigi hafa leitt af sér ánægðari og vinnusamari nemendur. Unnið hefur verið í hópavinnu og nemendur hlakka til að mæta í skólann og vinna verkefni.““

Það er mat stjórnenda skólans að verkefnið Skapandi nám – áhugasamir nemendur hafi gengið mjög vel og skilað góðum árangri. Kennarar voru mjög áhugasamir og efldust faglega eftir því sem leið á verkefnið. Nemendur sýndu góðan árangur í skapandi vinnu, voru áhugasamir og skiluðu fjölbreyttum verkefnum.

Með þróunarverkefninu skapaðist góður vettvangur fyrir faglegar umræður og skoðanaskipti um nám og kennslu. Stuðningur frá samkennurum og traust innan hópsins jókst til muna. Eftir því sem leið á verkefnið reyndist kennurum auðveldara að ræða kennsluaðferðir sínar og deila reynslu sinni og hugmyndum með samkennurum.

Verkefnið leiddi til þess að kennarar skoðuðu starfshætti sína og ræddu hlutina út frá öðru sjónarhorni en áður. Mörgum fannst krefjandi að fara í slíka sjálfsskoðun en voru sammála um að sú vinna hafi skilað mjög góðum árangri. Á matsfundinum í lok verkefnisins kom m.a. fram að allir kennarar telja að kennsluhættirnir hafi orðið markvissari og fjölbreyttari og náð að vekja áhuga nemenda.

Námsmat verður notað til samanburðar næstu skólaár til þess að meta hvort meiri skapandi vinna skili sér í bættum námsárangri.

Stjórnendur skólans telja að skapandi starf hafi verið öflugt í vetur og mikil fjölbreytni í verkefnum á miðstigi. Þeir hafa ákveðið að áfram verði unnið að verkefninu á næsta skólaári enda litið á það sem upphaf á áframhaldandi þróunarvinnu.

Lokaskýrslu verkefnisins má sjá á heimasíðu skólans undir þróunarverkefni og í fylgiskjali 5.

5.3 Foreldrakannanir

5.3.1 Viðhorfakönnun foreldra nemenda í 1. bekk

Í desember var lögð fyrir könnun meðal foreldra í 1. bekk. Tilgangur könnunarinnar var að skoða viðhorf foreldra til skólabyrjunar nemenda og einnig var spurt um lestrarnámið (fylgiskjal 4).

Niðurstöðurnar voru ánægjulegar og foreldrar voru mjög jákvæðir eins og kemur hér fram:

- | | | |
|--|----------------------------|------|
| • Hvernig telur þú að staðið hafi verið að skólabyrjun barnsins þíns? | Mjög vel eða vel | 98% |
| • Hvernig hefur barninu þínu liðið í 1. bekk? | Mjög vel eða vel | 96% |
| • Hefur skólastarfið staðist væntingar þínar? | Að öllu eða að miklu leyti | 95% |
| • Hvernig fannst þér kynningarfundurinn sem umsjónarkennararnir héldu á samskiptadaginn? | Góður eða í lagi | 88% |
| • Hvernig finnst þér viðmótið í skólanum? | Mjög gott eða gott | 96% |
| • Er barnið þitt farið að lesa? | Já | 91% |
| • Ef svarið við síðustu spurningu er já finnst þér þá barnið þitt vera með lestrarefni við hæfi? | Já | 100% |
| • Er lesið fyrir barnið þitt heima? | Já | 95% |
| • Komstu öllu til skila í viðtalinu á samskiptadaginum 19. janúar? | Já | 95% |
| • Hvernig leið þér í viðtalinu á samskiptadaginum 19. janúar | Vel | 93% |

5.3.2 Viðhorf til Frístundaskólans

Í febrúar var kannað viðhorf foreldra til starfshátta Frístundaskólans. Spurningarnar voru rafrænar og svöruðu einungis þeir foreldrar sem voru með börn í Frístundaskólanum.

Niðurstöður könnunarinnar voru mjög jákvæðar og greinilegt að foreldrar eru mjög ánægðir með starfið í Frístund, enginn sagðist vera óánægður (fylgiskjal 8).

- | | | |
|--|----------------------------|------|
| • Barnið mitt er ánægt í Frístund. | Sammála eða frekar sammála | 94% |
| • Upplýsingaflæði (fréttabréf) frá Frístund er gott. | Sammála eða frekar sammála | 94% |
| • Starfsfólkið ber umhyggju fyrir barninu mínu. | Sammála eða frekar sammála | 100% |
| • Barnið mitt er ánægt með miðdegishressinguna í Frístund. | Sammála eða frekar sammála | 83% |
| • Starfsfólk bregst vel við óskum/beiðnum frá foreldrum. | Sammála eða frekar sammála | 98% |
| • Mér finnst viðmót í garð nemenda og foreldra gott. | Sammála eða frekar sammála | 98% |
| • Ég er ánægð(ur) með starf Frístundar. | Sammála eða frekar sammála | 98% |

Niðurstöður spurningarinnar um síðdegishressinguna voru kynntar Skólamat sem sér um hana. Starfsfólk Skólamatar brást vel við og gerðar voru breytingar á síðdegishressingunni sem vonandi leiddu til meiri ánægju.

5.4 Framkvæmdarmat á nokkur verkefni á skólaárinu 2011-2012

Í upphafi skólaárs var lögð fram áherslu – og umbótaáætlun og gekk hún vel eftir eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Markmið	Aðgerðir/Viðbrögð	Umsjón	Mat á árangri - viðmið	Mat á framkvæmd
Að efla lestrarfærni nemenda í öllum árgöngum. Sérstök áhersla á aukinn lesskilning	Markviss áhersla á lestur og lesskilning. Starfsmaður Námsmatsstofnunar tekur saman niðurstöður í lesskilningi í samræmdum könnunarprófum og Pisa. Kynnir fyrir kennurum. Aðgerðaráætlun í lestri endurskoðuð. Teymishópur vinnur áætlun um hvernig efla megi lesskilning. Endurvekja kunnáttu okkar í gagnvirkum lestri	Skólastjórnendur og teymi	Allir nemendur eru raddlestrarprófaðir í upphafi skólaárs. Skólastjórnendur, sérkennari og íslensku/umsjónar-kennarar fara yfir niðurstöður prófa í september og huga að aðgerðum þar sem þar er þörf. Fundað aftur fyrir áramót og á vorönn og skoðað hvernig hefur gengið. Niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum skoðaðar. Námsáætlanir taka mið af þessum markmiðum. Viðmið: Nemendur skólans séu á landsmeðaltali eða ofar á öllum samræmdum könnunarprófum	Áætlun gekk að mestu leyti vel. Næsta vetur þarf að ljúka heildstæðri aðgerðaráætlun um eflingu lesskilnings.
Að fyrirbyggja einelti	Allir starfsmenn skólans þurfa að vera á varðbergi gagnvart einelti. Aukin fræðsla um einelti. Farið í eineltishringinn. Haldnir bekkjarfundir. Markviss skráning á eineltismálum hjá nemendaverndarráði, allt skráð þegar grunur er um einelti og farið eftir viðbragðsáætlun. Unnið eftir viðbragðsáætlun skólans. Tengslakannanir lagðar fyrir í árgöngum. Upprifiun á eineltisáætlun Olweusar fyrir starfsmenn annað hvert ár	Skólastjórn og nemendaverndarráð	Olweusarkönnun lögð fyrir annað hvert ár. Skólapúlsinn	Áætlun gekk vel eftir. Endurskoðað var vinnuferli þegar upp kemur grunur um einelti.
Að stuðla að samfelli í námi barna á milli leik - og grunnskóla og bæta námsárangur á yngsta stigi	Haldið áfram með þróunarverkefnið Læsisbrú	Skólastjórn, Bryndís G. verkefnisstjóri	Staðan metin á teymisfundum. Viðhorfakannanir og lestrarpróf. Niðurstöður úr Leið til læsis, Læsi 2. og samræmdum könnunarprófum í 4. bekk	Gekk vel, lokaskýrsla send til Sprotasjóðs.
Að efla námsáhuga nemenda á miðstigi og bæta námsárangur	Unnið að þróunarverkefninu Skapandi nám - áhugasamir nemendur	Skólastjórn og verkefnisstjórnir Haraldur Axel og Þóra Guðrún	Staðan metin í febrúar og í lok skólaárs Viðmið: Nemendur skólans séu á landsmeðaltali eða ofar á samræmdum könnunarprófum	Gekk vel, lokaskýrsla send til Sprotasjóðs.

Að festa Uppbyggingarstefnuna í sessi, sérstök áhersla á yngri stigið	Teymishópur mótaráherslur og leiðir og skerpir á áherslum og stefnu meðal starfsfólks	Teymishópur	Samráðsfundur kennara og teymis þar sem metinn er árangur. Teymishópur leggur fyrir könnun meðal kennara á haustönn til að meta stöðuna. Könnun lögð fyrir starfsfólk og nemendur á vorönn um hvernig tekist hefur	Gekk eftir að mestu leyti. Þó kom fram að skerpa þarf enn frekar á áherslum, sjá umbótaáætlun næsta skólaárs.
Gera aðstöðu fyrir nemendur á göngum meira aðlaðandi	Myndaður teymishópur sem í eru: fulltrúar nemenda, kennara og starfsfólks. Hópurinn kemur með tillögur til úrbóta	Teymishópur	Gert er ráð fyrir að allt verði tilbúið í nóvember. Umgengni og hegðun nemenda metinn á vorönn	Framkvæmt
Efla framsögn og umræður	Fræðsla um hvernig hægt er að efla umræðuformið. Í hverjum bekk verða sett inn verkefni sem nemendur skila af sér munnlega. Farið yfir á deildarfundum hvaða verkefni verða tekin í hverjum árgangi	Skólastjórnendur	Staðan metin á deildarfundum	Ekki framkvæmt – verður unnið á næsta ári.
Efla gagnrýna hugsun nemenda	Fyrirlestur um hvernig er hægt að kenna nemendum gagnrýna hugsun. Á vinnufundum kennara er rætt hvaða aðferðir gagnast vel	Skólastjórnendur	Staðan metin á deildarfundum	Framkvæmt – áfram unnið á næsta ári.
Að auka ábyrgð nemenda	Umsjónarkennarar í 8. - 10. bekk hafa einstaklingsviðtöl við nemendur tvisvar á ári, þar er m.a. rætt um ábyrgð nemenda. Aðalumræðuefni á bekkjarfundum skólastjórnenda verður ábyrgð nemenda. Nemendur fá kynningu á nýrri reglugerð um ábyrgð nemenda. Leitað verður leiða við að auka ábyrgð nemenda í mótun á jákvæðum skólabrag	Umsjónarkennarar	Staðan metin á deildarfundum. Skilagrein til stjórnenda í lok anna um einstaklingsviðtöl	Framkvæmt
Efla fagvitund kennara	Þróunarverkefni á yngsta- og miðstigi, Bóknámskennarar á elsta stigi hittast til faglegra umræðna. Fyrirlestrar frá HÍ: Jón Torfi Jónasson og Hafþór Guðjónsson. Kennsluráðgjafar fengnir til ráðgjafar. Kennarar hvattir til að afla sér nýrrar þekkingar í sínu fagi	Skólastjórnendur	Kennarakönnun í lok skólaárs	Framkvæmt
Tryggja sjálfsmat	Samín ný matsáætlun til þriggja ára. Skólapúlsinn tekinn í notkun	Sjálfsmatsteymi	Sjálfsmatsskýrsla lögð fram í lok skólaárs	Framkvæmt

Stígandi í lestrarprófum í 5. – 10. bekk	Farið er yfir lestarpróf í 5. – 10. bekk, þau flokkuð og endurskoðuð	Lestrarteymi	Metið hvort að vinnan hafi átt sér stað	Var ekki fullunnið – sett á áætlun næsta skólaárs
Nýta umhverfið til náms	Móta skipulag fyrir útikennslu. Setja fram áætlun fyrir verkefnið í Gryfjunni	Gryfjuteymi	Könnun lögð fyrir skólaárið 2013-2014	Var ekki fullunnið – sett á áætlun næsta skólaárs
Efla foreldra-samstarf	Skólastjóri fundar með stjórn foreldrafélagsins. Sett fram áætlun um hvernig efla megi samstarfið	Skólastjórn og stjórn foreldrafélagsins		Var ekki fullunnið – sett á áætlun næsta skólaárs
Áhugasamir nemendur – árangursríkara skólastarf	Bóknámskennarar hittast reglulega til faglegrar umræðu og ræða kennsluhætti á unglingastigi með það að markmiði að efla áhuga nemenda og bæta námsárangur enn frekar	Skólastjórnendur	Niðurstöður úr Skólapúlslinum skoðaðar m.t.t. markmiða hópsins	Framkvæmt